

Lög

um breyting á lögum um Þjóðarbókhöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a Í stað fjárhæðarinnar „5.078.000“ í 1. másl. a-liðar kemur: 5.277.058.

b 2. másl. a-liðar fellur brott.

c Við b-lið bætist nýr másl. er orðast svo: Þó skal ekki lagður sérstakur eignarskattur á eignarskattsstofn dánarbús í lok andlátsárs, sbr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og manna sem takmarkaða skattskyldu bera skv. 3. gr. sömu laga, nema að því leyti sem stofninn er umfram 5.277.058 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu sérstaks eignarskatts á árinu 1996 á eignir í lok ársins 1995.

Samþykkt á Alþingi 15. desember 1995.